

# Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

---

## Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

7. fundur Stjórnar B.S. bs. haldinn mánudaginn 18. janúar 2016

kl. 08:15 í fundarsal B.S. að Hringbraut 125.

**Mættir eru:** Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Gísli Heiðarsson, Jóhann S. Sigurbergsson, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri. Sigrún Árnadóttir mætti ekki.

### Dagskrá

Formaður setur fundinn.

Mál:

- Starfsmannamál.
  - Búið er að ráða í varðstjórastöðu á A-vakt og var Eypór R. Þórarinsson ráðinn frá 1. Janúar 2016. Í framhaldi var ráðið í tvær aðstoðarvarðstjórastöður á A og D vakt. Ráðnir voru Davíð Heimisson á A-vakt og Rúnar Már Bjarnason á D-vakt.
  - Jón kynnir fyrir stjórn drög að samkomulagi um aksturgreiðslur til starfsmanna vegna gr. 5.3. í samningum.
- Fjármál.
  - Jón fer yfir fund sem hann og Guðmundur Kjartansson endurskoðandi áttu um fjármál BS og þær breytingar sem eru í þeim málum. Einnig fer hann yfir það hvernig ýmsir liðir komu út á síðasta ári.
- Skýrsla slökkviliðsstjóra.
  - Heimasíðan er í lokavinnslu og verður vonandi klár fyrir næsta stjórnarfund.
  - Jón fer lauslega yfir fjölda sjúkraflutninga og skiptingu þeirra á síðasta ári.
- Önnur mál.
  - Erindi frá Njáli Pálssyni bráðataekni og formanni fagdeildar sjúkraflutninga um bráðataekninám í Pittsburgh. Rætt um hvort athuga eigi með skoða þetta. Ákveðið að slökkviliðsstjóri skoði þetta og taki saman upplýsingar.

Fundi slitið kl. 09:00